



Benjamín Eiríksson: Nokkur atriði efnahagsmálanna

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Benjamín Eiríksson –
Efnahagsmaál

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmaálamaðurinn
Askja 2-18, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Trúnaðarmál

Til yfirlestra
létu það síðan
ganga aftur til mín

11. janúar 1955

Björn

NOKKUR ATRIÐI EFNAHAGSMÁLANNA

1. Próunin síðan 1950

Inngangur

Síðan gengislökkunin var framkvæmd í marz 1950 hafa orðið stórkostlegar breytingar á svo til öllum sviðum efnahagslífsins. Framleiðsla og þjóðartekjur hafa aukizt, útflutningur og innflutningur hafa hvorttveggja stóraukizt og fjárfesting greidd af fjármagni landsmanna hefir stóraukizt með auknum sparnaði. Verðlag stórhækkaði fram á árið 1952, en hefir haldizt að mestu óbreytt síðan. Gjaldeyrstekjur hafa einnig stóraukizt og gjaldeyrisaðstaðan batnað, en þó enginn gjaldeyrissjóður myndast, þrátt fyrir góðærin. Fjárhagur ríkisins hefir batnað mikið, enda var hjá ríkinu áður gífurlegur halli, sem var ein megin uppspretta dýrtíðarinnar. Afgangur hefir orðið hjá ríkinu árin 1950, 1953 og 1954, en honum hefir yfirleitt jafnóðum verið varið til framkvæmda, og því ekki haft nein verðhjöðnunaráhrif, sem leitt hefðu til þess að gjaldeyrissjóður hefði myndast. Árið 1952 var greiðsluhalli, sem nam ¹⁸ 15.8 milljónum króna, ^{en svipað afgangur 1953 og 1954.} Verzlunin innanlands hefir gjörbreytzt vegna slökunar á innflutningshöftunum. Og um leið hefir skömmtunin og svartí markaðurinn hörfið og verðlagseftirlitið einnig að mestu. Samkeppni í verzlun hefir farið vaxandi. Birgðir innfluttrar vöru í landinu hafa waxið stórkostlega. Það virðist ekki vanta nema herzlumininn að áhrifanna gæti að mun á innflutninginn. Verzlunin í heild virðist eins og stendur hafa of

mikið fjármagn til þess að liggja með vörubirgðir í "spekulations" augnamiði.

Kaupgjald hefir hækkað, að mestu í samræmi við hækkun vísitölunnar, þ.e. um kringum 60%. Auk þess varð nokkuð almenn grunnkaupshækkun í árslok 1952, eða um 4.3% (3.3% kauphækkun + 1% orlofsfjárhækkun). Ennfremur hefir á síðastliðnu ári orðið hækkun á kaupgjaldi í vinnu við kol og salt, um 10%, og hjá nokkrum iðnfélögum, t.d. málurum, og þá um meira en þetta. Aflahlutur sjómanna í róðri á línuveiðum við Faxaflóa var sá sami 1953 og 1950, en jókst um 36% á árinu 1954. Fiskverðið hefir einnig hækkað.

Fiskverð til sjómanna hefir verið sem hér segir:

1950	75	au.	pr.	kg.
1951	96	-	-	-
1952	105	-	-	-
1953	105	-	-	-
1954	122	-	-	-

Hækkun 1950 - 1954: 89%.

2. Þjóðartekjurnar

Seinustu tvö árin hefir orðið stórkostleg aukning á þjóðartekjunum. Síðan 1950 nemur aukning brúttó þjóðartekna nærri 30%. Eftirfarandi tafla sýnir þróunina. Miðað við 1950 nemur aukningin (^{á 1954} ~~í~~ óbreyttu verðlagi) um 600 milljónum króna, eða sem næst því fjármagni sem þjóðin notar til nýrrar fjárfestingar.

Verg þjóðarframleiðsla 1950 - 1954

Í milljónum króna

	Á verðlagi ársins <u>Mill. kr.</u>	Verðlags- vísitala ¹⁾ <u>1954=100</u>	Á verðlagi 1954	
			<u>Mill. kr.</u>	Hækkun frá fyrra ári (+) %
1950	1610	72	2235	
1951	2025	90	2250	+ 0.7
1952	2305	99	2330	+ 3.6
1953	2595	99	2620	+12.4
1954	2840	100	2840	+10.8

1) Óvegáð meðaltal framfærsluvísitalna 31. jan. - 31. des. fyrir hvert ár er notað sem mælikvarði á verðlag hvers árs fyrir sig.

Aths. Verg þjóðarframleiðsla er þjóðarframleiðslan verðlögð á markaðsverði, þ.e. felur í sér tolla og óbæina skatta, en að frædregnum framleiðslustyrkjum.

Aukning tekna er nokkuð misjöfn um landið. Eftirfarandi tafla um meðaltekjur giftra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna í 14 kaupstöðum og kauptúnum árin 1952 og 1953, gefur vísibendingu um þróunina.¹⁾

<u>Staður</u>	<u>Áætł. meðaltekjur, kr.</u>		<u>Hækkun %</u>
	<u>1952</u>	<u>1953</u>	
Bolungarvík	35.340	35.745	1.1
Ísafjörður	37.566	38.386	2.2
Akureyri	37.692	38.579	2.3
Seyðisfjörður	37.088	39.170	5.6
Eskifjörður	27.246	29.623	8.7
Siglufjörður	31.766	34.797	9.5
Vestmannaeyjar	38.980	43.160	10.7
Selfoss	41.120	45.723	11.2
Eyrarbakki	31.468	36.030	14.5
Keflavík	44.594	51.077	14.5
Reykjavík	37.608	43.133	14.7
Stykkishölmur	31.667	37.482	18.3
Sauðárkrókur	26.548	31.480	18.4
Akranes	38.511	46.527	20.8

1) Skv. skattaframtölum

Ofan nefndum kaupstöðum hefir verið raðað eftir því hve mikil hækkun hefir átt sér stað frá 1952 til 1953. Athyglisvert er það að þeir 7 staðir sem mest hafa hækkað, eru á suðvesturlandi - að Sauðárkróki undanskildum.

3. Fjárfestingin

Fjárfestingin nær hámarki 1953, enda stendur þá yfir kollhríðin hjá stórframkvæmdunum þremur. Á árinu 1952 var kostnaðurinn við þær 127 m. kr., en 169 m. kr. á árinu 1953. Á árinu 1954 var þessi kostnaður kringum ²⁵30 m. kr.

Þróunin seinustu 5 árin er sýnd í næstu töflu.

Ný fjármunamyndun 1950 - 1954

(í milljónum króna)

	<u>Á verðlagi ársins</u>		<u>Verðlags- vísitala 1954=100</u>	<u>Á verðlagi 1954</u>	
	<u>Bustofn meðtalinn</u>	<u>Án bú- stofns</u>		<u>Bustofn meðtalinn</u>	<u>Án bú- stofns</u>
1950	305	297	72	424	413
1951	360	354	90	400	393
1952	470	465	99	475	470
1953	623	580	99	630	586
1954	574	533	100	574	533

Óvegið meðaltal framfærsluvísitalna 31. jan. (1. febr.) til 31. des. (1. jan. n.á.) fyrir hvert ár er notuð sem mælikvarði á verðlag hvers ars fyrir sig.

Þegar þess er gætt að efnahagsaðstoðin (framlög) nam 104 m. kr.

1953, en var engin á árinu 1954, sést að þjóðin hefir lagt meira af eigin tekjum til framkvæmda en áður.

4. Áhrif varnarliðsframkvæmda á hagkerfið

Flestir gera sér ljóst að varnarliðsframkvæmdirnar hafa djúptæk áhrif á allt hagkerfið. Hinsvegar eru hugmyndir manna á reiki um það, hver séu hin raunverulegu áhrif, og á hvern hátt þau komi fram. Að sjálfsögðu þýða þær aukna eftirspurn eftir vinnuafli, en það er ekki nema nokkur hluti áhrifa þeirra.

Fyrst er það, að menn álíta oft að háar tekjur margra þeirra, sem vinna að varnarliðsframkvæmdum, séu dýrtíðarmerki. Þetta er ekki rétt. Háar tekjur eru auðvitað ekki fremur merki um dýrtíð en t.d. mikill útflutningur. Umræddar tekjur eru ekki greiddar með nýmyndun peninga. Þjónusta og afurðir seldar Ameríkumönnum hér á landi er allt greitt með yfirfærslu dollara.¹⁾ Í sambandi við framkvæmdirnar eru engar dýrtíðar myndaðar tekjur.

Á framkvæmdir vegna varnarliðsins má líta annaðhvort sem fjárfestingu eða sem útflutning. Þar sem þau mannvirki, sem gerð eru, munu lítil áhrif hafa á atvinnulíf þjóðarinnar eftir að þau eru fullgerð, þá er eðlilegast og einfaldast að líta á sölu vinnu til þeirra framkvæmda sem útflutning. Í rauninni eru útfluttar afurðir að langmestu leyti útflutt vinna. Þjónustu sjómannsins er breytt í fisk, sem sendur er úr landi, þar sem hann er greiddur í erlendum gjaldeyri. Þjónusta verkamannsins, sem vinnur við varnarliðsframkvæmdir, er í rauninni seld fyrir dollara, alveg eins og fiskurinn sem fer til Ameríku. Það er því einfaldast að líta á varnarliðsvinnuna sem útflutning.

1) Sjá þó um 5-10% sjóðinn, bls. 24

Þar með er fengin aðstaða til þess að skýra á einfaldan hátt áhrif varnarliðsframkvæmdanna á hagkerfið. Hið fyrsta sem gerist er að stærri hluti launþeganna vinnur nú að útflutningsframleiðslu en áður. Hlutfallið milli þeirra sem vinna fyrir erlenda kaupendur og þeirra sem vinna fyrir innlenda markaðinn hefir breytzt, það hefir stækkað. Gjaldeyrisöflunin eykst hlutfallslega, innflutningurinn sömuleiðis, þar sem hlutfallslega færri fólk framleiðir fyrir innlenda markaðinn. Í rauninni hefir þessi breyting gerzt þannig, að aukning vinnandi fólks með þjóðinni hefir gerzt á suðvestur horni landsins.

En það er fleira en þetta sem gerizt. Föst og vel launuð atvinna við varnarliðsframkvæmdir fyrir álitlegan hóp manna þýðir, að rýmra verður um atvinnu fyrir aðra annarsstaðar. Fljótlega myndast ástand þar sem er full atvinna, enda beinlínis reynt að ráða það fólk til varnarliðsframkvæmda, sem tiltækt er einhversstaðar á landinu.

Full atvinna þýðir að þjóðartekjurnar eru hlutfallslega háar. Auk þess hefir stöðvun verðlagsins leitt til aukins trausts á peningunum. Spariféð hefir því aukizt. Menn nota hlutfallslega minna af tekjum sínum til neyzlu en áður. Af því leiðir að meira er hægt að framkvæma en áður. Eins og sagt er hér á öðrum stað, þá þýðir þetta hlutfallslega aukningu á innflutningi fjárfestingarvöru, efnis, tækja og véla. Sá hluti launþeganna, sem vinnur að framkvæmdum fer því vaxandi, sá hluti sem vinnur að framleiðslu neyzluvöru minnkandi. Þetta er þróun, sem gerzt hefir samtímis því sem útflutningurinn hefir aukizt (þar með taldar varnarliðsframkvæmdirnar).

Ekkert er það í sambandi við varnarliðsframkvæmdirnar eða afleiðingar þeirra á hagkerfið, sem leiðir til dýrtíðarmyndaðra tekna. Hinar

auknu framkvæmdir landsmanna sjálfra eru greiddar af auknum sparnaði þeirra.

Vinnumarkaðurinn

Lítum við á vinnumarkaðinn rekum við augun í tvennt. "Útflutningurinn" í sambandi við varnarliðsframkvæmdirnar þarfnast ^{einlimum} sérstaks vinnuafli - ekki sjómanna, heldur handiðnaðarmanna eins og smiða, málara o.s.frv.

Þá sjáum við einnig að eftirspurnin innanlands hefir samtímis beinst frá neyzluvörum til þeirra vara og þjónusta sem notaðar eru til framkvæmda. En þetta þýðir einmitt hlutfallslega mikla eftirspurn eftir vinnu smiða, málara og annarra handverksmanna.

Það verður því sú breyting á eftirspurninni eftir vinnuafli í sambandi við varnarliðsframkvæmdirnar, að eftirspurnin eftir faglærðum verkamönnum stóreykst, og veldur það margskonar бага. Hið breytta viðhorf landsmanna til neyzlu og sparifjársofnunar hefir einnig samskonar áhrif.

Vandinn

Varnarliðsframkvæmdirnar má líta á sem mjög rúman markað fyrir "útflutta" þjónustu. Eins og með aðra "erlenda" markaði, þá er það auðvitað spurning hve langt á að ganga í því að notfæra sér hann. Vilji menn notfæra sér harðfiskmarkað í Afríku verður - að öðru jöfnu - að minnka framleiðslu saltfisks eða freðfisks. En þetta sést mönnum oft yfir, vegna þess að sömu framleiðslutækin eru notuð, að miklu leyti, í öllum þessum tilfellum. Vandinn er því að ákveða hve langt á að ganga í því að draga saman aðra framleiðslu, svo hægt sé að notfæra sér varnarliðsvinnuna, og þann "útflutningsmarkað" sem hún er. Það er ekki hægt að gera aðra hluti í sama mæli og ef hún væri ekki. En hún er alveg jafn göfug

frá hagrænu sjónarmiði og vinna sjómannsins, sem fer til útlanda í þorsklíki, og kemur aldrei aftur. Í báðum tilfellunum fáum við erlend- an gjaldeyri, sem notast til þess að greiða aðkeypta vöru og þjónustu.

5. Er dýrtíðarástand?

Þótt ótrúlegt sé, þá rekur maður sig sífellt á það, að margir telja að nú sé samskonar ástand og var 1949. Þá ríkti ástand þar sem dýrtíðarmyndandi öfl höfðu verið að verki um lengri tíma, einkum hinn mikli halli á rekstri ríkisins. Við þá þróun hafði flest færst úr skorðun: verðlag og kaupgjald, verzlunin og vöruframboðið, iðnaðurinn, framkvæmdirnar, greiðslujöfnuðurinn og gengið.

Ástandið er nú mjög frábrugðið þessu, nema í því atriði, að gengið er óraunhæft, ef miðað er við að allir styrkir til útflutningsframleiðslunnar féllu niður. Styrkir, sem greiðast beint eða óbeint af tekjum borgaranna eru - út af fyrir sig - ekki dýrtíðarmyndandi: Þeir raska ekki hlutfallinu milli hins almenna framboðs og eftirspurnar vöru og þjónustu í landinu. Styrkurinn er tilfærsla tekna (transfer payments) líkt og sjúkra- og ellistyrkir, eða niðurgreiðslur landbúnaðarafurða á innlendum markaði.

Undanfarið hefir verið knúið á með aukna styrki til útflutningsframleiðslunnar, þ.e. að styrkja togarana. Þegar svo er komið hlýtur að sjálfsögðu sú spurning að koma til athugunar, hvort ekki sé þá kominn tími til þess að endurskoða gengi krónunnar. Kæmi þá til mála sama og áður: niðurfærsla eða gengislækkun. Með tilliti til þess að næstu mánuðina er framundan margskonar óvissa, verður ekki reynt að gera því máli skil í þessu plaggi. Enda er nauðsynlegt að gera sér sem bezta

grein fyrir hinu almenna ástandi áður en í slíkt er ráðist. Hið almenna ástand og horfur er að sjálfsögðu á allan hátt langtum hægstæðara en um áramótin 1949/50.

Vöruframboðið, álagningin, afnám skömmtunar, verzlunarhættir, framkvæmdir og verðlag - allt er þetta mjög frábrugðið því ástandi, sem ríkti 1949. Þá var stórfellt misræmi milli hins almenna vöruframboðs og eftirspurnarinnar. En nú eins og þá heimta verkalyðsfélögin herra kaupgjald. En sá er þar munurinn, að þá kvörtuðu þau undan rýrnandi líf skjörum vegna vöruskorts, svarts markaðar og skömmtunar. Nú heldur enginn því fram að líf skjörin hafi versnað. Þvert á móti. Þar sem atvinna er mikil, þá hafa peningatekjur flestra launþega aukizt að mun vegna meiri atvinnu.

Þýðir ekki fjárfestingin myndun dýrtíðar?

Þá er sá misskilningur algengur að hinar geysimiklu framkvæmdir séu merki um nýja dýrtíð. Þessu er því til að svara að þetta getur verið rétt, en þarf ekki að vera rétt. Því meira sem þjóðin sparar, þeim mun meira er hægt að framkvæma. Eftirspurnin hefir breytzt. Einstaklingar og firmu nota meira af tekjum sínum til kaupa á fjárfestingarvöru eða þjónustu til framkvæmda, eða leggja peninga á banka, en kaupa minna af vöru og þjónustu til neyzlu. Aukning framkvæmda getur því verið merki um heilbrigði í fjármála- og atvinnulífinu. Spurningin er því þessi: eru bankauflán óeðlilega mikil, þannig að með þeirra tilstuðlan myndist tekjur í landinu fyrir afurðir sem ekki sé hægt að selja svo til samtímis (eða vegna hallareksturs)?

Aukið framkvæmdafrelsi

Það virðist all útbreidd skoðun, að tilslökun sú, sem gerð var á fjárfestingarhömlunum á síðastliðnu vori, hafi verið óheppilegt spor. Þessi skoðun virðist byggð á misskilningi.

Sú staðreynd að meira er framkvæmt en ella þarf ekki að þýða auknið peningalegt misvægi, ef hinar auknu framkvæmdir stafa af því að meðferð manna á tekjum þeirra hefir breytzt, þannig að hlutfallslega minna er varið til neyzlu. En enginn hefir haldið því fram að menn hafi að ráði legið með sjóði, frá haftatímanum, sem gætu komið fram sem eftirspurn eftir vöru og þjónustu til framkvæmda, ásamt þeirri eftirspurn, sem stafar af tekjum manna, sem myndast samtímis. Og jafnvel þótt svo hefði verið, sýna tölurnar fyrir sparifjárinnstæðurnar að engin nettó-minnkun hefir orðið.

Hitt er svo annað mál að hin hlutfallslega aukning þeirrar fjárfestingar, sem þjóðin greiðir af tekjum sínum, eykur eftirspurnina eftir hinum sérhæfða vinnukrafti hinna faglærðu verkamanna. Auðvitað er þetta vandamál.

Á hinn bóginn er svo sú staðreynd, að talsvert af fjárfestingunni var þegar frjálst. Fjármagnið hefði því leitað þangað og viðbúið að framkvæmdirnar í heild hefðu ekki orðið að mun minni en í reyndinni. Höftin, ef þau hafa áhrif, valda því að það myndast peningar - venjulegast bankainnstæður, sem eru ófullnægð eftirspurn (latent inflation). Með söfnun þeirra safnar þjóðin glóðum elds að höfði sér.

Þá hefði áframhaldandi takmörkun í óbreyttu formi leitt til þess að ekki hefði gengið á það að leysa úr húsnæðismálinu á þann hátt, sem þó hefir verið gert og verið er að gera. Þetta er því raunveruleg lausn

á miklu vandamáli, og munu hagstæð áhrif koma í ljós á næstu árum. Það er augljóst að íbúðabyggingar í jafnstórum stíl sem nú geta ekki staðið í mörg ár. Í rauninni gildir sama um ýmsar fleiri framkvæmdir, t.d. byggingu frystihúsa.

6. Verzlunin

Útflutningurinn

Þegar verzlunin er athuguð er hið fyrsta, sem menn reka augun í, hin gífurlega aukning útflutningsins. Þróunin sést af tölunum í eftirfarandi töflu.

Útflutningurinn FOB

	<u>í m. kr.</u>
1950	472 1)
1951	727
1952	641
1953	706
1954	774 2)

- 1) Miðað við hið nýja gengi.
- 2) Jan.-nóv.

Í rauninni hefir útflutningurinn aukizt jafnt og þétt, þar eð nokkuð af framleiðslu ársins 1950 fór ekki úr landi fyr en á næsta ári. Útflutningsaukningin stafar fyrst og fremst af aukinni vinnslu hráefnisins, aðallega fisks. Aflinn hefir breyttzt á þann hátt sem sýnt er í næstu töflu.

Aflinn, 1000t.

1950	323
1951	371
1952	337
1953	363
1954 Jan.-sept.	332

Í septemberlok 1954 var aflinn 36500 t. meiri en á sama tíma 1953.

Að magni til hefir útflutningurinn breyttur á þann hátt sem sýnt er í næstu töflu.

Vísitala útflutningsmagnsins

	(vegin)
1950	173
1951	246
1952	209
1953	237
1954	295 1)

1) Bráðabirgðatala, byggð á útflutningi jan.-nóv.

Miðað við meðaltal árána 1950-1951 þá hefir magn útflutningsins aukizt um hvorki meira né minna en næstum 50% - á árinu 1954.

Um verðlag útflutningsins og innflutnings er rætt sérstaklega síðar í þessum kafla.

Innflutningurinn

Þótt útflutningurinn hafi aukizt mikið, þá hefir samt innflutningurinn aukizt enn meir, nema á árinu 1954. Stafar þetta af Marshall-aðstoðinni og svo hinni miklu eftirspurn eftir innfluttum vörum, sem stafar af tekjunum af varnarliðsframkvæmdunum, og hinum háu þjóðartekjum almennt. Eftirfarandi tafla sýnir tölurnar fyrir innflutninginn.

Innflutningurinn

í m. kr.

1950	610 ¹⁾
1951	924
1952	910
1953	1111
1954	973 ²⁾

- 1) Miðað við hið nýja gengi.
- 2) Jan.-nóv.

Skipting innflutningsins

Það sem þó er eftirtektarverðast við innflutninginn er breytingin, sem orðið hefir á skiptingu hans.

	1950		1951		1952		1953		1954	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
Fjárfestingarvörur	191	31	342	37	333	35	404	38	393	40
Rekstrarvörur	209	34	247	27	317	33	308	29	244	25
Neyzluvörur og hráefni neyzluvöruiðnaðar	210	35	340	36	304	32	350	33	336	35
	<u>610</u>	<u>100</u>	<u>929</u>	<u>100</u>	<u>954</u>	<u>100</u>	<u>1062</u>	<u>100</u>	<u>973</u>	<u>100</u>

Tölurnar sýna að neyzluvörurnar hafa haldist nokkurn veginn stöðugar hundraðahluti innflutningsins, en hlutur fjárfestingarvaranna hefir stóraukizt. (Árið 1951 kom mikið af skipum.) Það er einkum áberandi að þessi aukning hefir haldið áfram eftir að Marshallaðstoðin hætti. Að óreyndu myndu flestir hafa haldið að stöðvun Marshallaðstoðarinnar og aukið verzlunarfrelsi myndi hafa leitt til aukins innflutnings á neyzluvörum miðað við innflutning fjárfestingarvöru. En þannig hefir þróunin ekki orðið.

Framkvæmdir eru ávextir athafnafrelsisins, fyrst og fremst þess frelisis að fá að ráðstafa tekjum sínum. Höftin lama framtíðarvonirnar og beinast því gegn uppsprettu framfaranna. Verður rætt um hið aukna athafnafrelsi sérstaklega hér á eftir.

Eftirfarandi tafla sýnir breytingarnar á magni innflutningsins.

Magnvísitala innflutningsins

	(vegin)
1950	208
1951	274
1952	264
1953	350
1954	-

Verzlunarkjörin

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig verzlunarkjörin hafa breytt á undanförunum árum.

<u>Ár</u>	<u>Meðalverð</u> <u>innfluttrar vöru</u>	<u>Meðalverð</u> <u>útfluttrar vöru</u>	<u>Verzlunarkjör</u>
1949	345	345	100.0
1950	574	511	89.0
1951	741	628	84.8
1952	758	675	85.1
1953	697	638	91.5
1954	-	634 ¹⁾	

1) Bráðabirgðatala, miðuð við útflutning jan.-nóv.

Tölurnar sýna að verzlunarkjörin hafa verið mjög óhagstæð en batnað lítið eitt á árinu 1953. Sennilegt er að þau hafi eitthvað batnað á árinu 1954, en tölurnar liggja ekki fyrir ennþá.

Hvað hefir verið gert við frelsið?

Eitt af því sem mest ber á síðastliðin 5 ár, er sú viðleitni, sem beinst hefir að afnámi hafta af athafnafrelsi manna í framleiðslu, framkvæmdum og verzlun. Þegar horft er um öxl sést að í rauninni hafa verið tekin furðustór skref. Einkum er þetta eftirtektarvert þegar tekið er tillit til þess hvernig ástandið var 1950. Þá ríkti almennur vöruskortur. Var skömmun á ýmsum þýðingarmiklum vörum til neyzlu og á svo til öllu sem með þurfti til framkvæmda. Þá var og nokkuð um það, að menn áttu peninga, sem lagst höfðu fyrir, þar sem eigendunum var ekki frjálst að ráðstafa þeim til þeirra hluta, sem þeir óskuðu. Þetta lausa fé bættist því við tekjur manna sem eftirspurn eftir vöru og þjónustu til neyzlu og framkvæmda.

Aukinn og frjálsari innflutningur hefir stórbætt vöruframboðið bæði um magn og úrval. Í stað þess að leiða til aukins kaupæðis hefir þessi þróun, ásamt stöðvun verðlagsins, leitt til stórfelldrar aukningar sparifjárins. Hið nýja sparifé virðist meira en sem mundi nema því fjármagni, sem hægt hefði verið að kreista úr úr þjóðinni til framkvæmda með dýrtíðaraðferðum, fjárfestingareftirliti, innflutningshöftum, skömmtun, verðlagseftirliti og þeim allsherjar glundroða, sem höftin valda í efnahagsstarfsemi manna. Þjóðin hefir í vaxandi mæli af fúsum vilja lagt fram nýtt fjármagn með auknum sparnaði til aukinna framkvæmda, sem ósennilega hefði náðst af henni nauðugri með dýrtíðaraðferðum. Enda þá af minna að taka, þar sem höftin leiða til minni þjóðartekna og minni útflutnings. Á liðnum öldum hafa líf skjör þjóðarinnar staðið í réttu hlutfalli við athafnafrelsi hennar.

Frelsið hefir ýtt undir framtak manna á öllum sviðum efnahagslífsins, þar eð það hefir glætt framtíðarvonir manna. Því var spáð að aukið verzlunarfrelsi myndi þýða aukinn innflutning a "glingri". Hann hefir aukizt. En innflutningur varnings til framkvæmda hefir aukizt langtum meira. Frelsið hefir margfalda hagfellda þýðingu fyrir framkvæmdirnar, miðað við óráðsiúna, sem kann að fylgja því og mikið er talað um, aðallega af þeim sem ekki kæra sig um að skyggjast undir yfirbörðið.

Spariféð

Aukning sparifjárins hefir verið sem hér segir: 1951: 16 m. kr. 1952: 93 m. kr. 1953: 179 m. kr. og 1954: (til septemberloka) 155 m. kr.

7. Peningalegt jafnvægi

Í 5. kaflanum hér að framan var tæpt á því að svarið við þeirri spurningu, hvort hér væri dýrtíðarástand, væri að finna í útlánastarfsemi bankanna, þá einkum seðlabankans.

Heildarútlán bankanna

Útlán bankanna hafa aukizt undanfarin ár eins og næsta tafla sýnir:

Heildarútlán bankanna

m. kr.

	<u>Árslok</u>	<u>Aukning (+)</u>
1949	905	
1950	1,068	+ 164
1951	1,251	+ 183
1952	1,371	+ 120
1953	1,598	+ 228
1954 (jan.-nóv.)	1,842	+ 244

Séu tvö seinustu árin tekin, 1953-1954 (til loka nóvember), þá nemur aukning heildarútlánanna 472 m. kr. Á sama tíma hefir sparifé þeirra aukizt um 264 m. kr. Þjóðarframleiðslan hefir aukizt um kringum 535 milljón króna ^{(505 m. kr. á 1954 vörðlagi).} Verðmæti útflutningsins hefir aukizt um 200 milljónir króna. Með hliðsjón af þessu má ráða, að í heild hafi þenslan á hagkerfinu stafað af auknum þjóðartekjum, auknum útflutningi og auknum framkvæmdum, sem greiddar hafi verið nokkurnvegin af auknum sparnaði þjóðarinnar. Þannig má líta á þróunina í stórum dráttum.

Útlánaaukning hefir haldið áfram jafnt og þétt. Ýmsar leiðir eru til, sem hægt er að fara í því að meta nákvæmar þessa aukningu. En áður en vikið er að þeim, þykir rétt að greiða úr einu atriði. En það er sú

staðreynd að frá ágúst til nóvember, 1953, lækkuðu heildarútlánin um 86 m. kr., en lækkuðu á sama tíma 1954 um aðeins 8 m. kr. Í fljótu bragði virðist því hafa orðið talsvert önnur þróun 1954 en árið á undan. Við nánari athugun sést að svo er ekki. Lán til stórframkvæmdanna þriggja á árinu 1953 voru færð til skulda hjá ríkissjóði. Þegar féð var svo loksins leyst úr Mótvirðissjóði, seint á árinu, lækkuðu útlánin stórum. Heildarútlán seðlabankans til ríkisins lækkuðu úr 180 m. kr. í ágústlok 1953, í 93 m. kr. í lok nóvember. Á sama tíma 1954 hækkuðu þessi útlán úr 129 m. kr. í 141 m. kr. Þau eru því 48 m. kr. hærrí en á sama tíma í fyrra, en tilsvarendi innstæður hafa aukizt um 38 m. kr. Það eru því breytingar á reikningum ríkisins, sem valda mismuninum milli áranna.

Aukning útlána viðskiptabankanna, skipting

Tölur, sem sýna skiptingu útlána bankanna, eru enn ekki fyrir hendi fyrir allt árið 1954. En fyrir Landsbankann og Útvegsbankann, sem reyndar eru með meginhluta útlánanna, eru komnar tölur fyrir fyrstu 11 mánuðina.

Eftirfarandi tafla sýnir útlánaaukninguna seinustu 3 árin.

Aukning útlána Landsbankans og Útvegsbankans

árin 1952, 1953 og 1954 (11 mán.)

	<u>Aukning</u> <u>1952</u>	<u>Aukning</u> <u>1953</u>	<u>Aukning</u> <u>1954 (11 mán)</u>
Landbúnaður	1.6	4.3	57.0
Sjávarútvegur	144.2	100.6	27.0
Verzlun	23.1	65.3	34.7
Iðnaður	20.4	11.8	2.9
Samgöngur	- 4.0	10.2	1.9
Húsbyggingar	.3	1.6	6.7
Bankar og sparisjóðir	20.7	21.2	5.7
Ríkissjóður	- 63.2	- 7.1	33.3
Bæjar- og sveitarfélög	7.1	-15.4	9.6
Ýmislegt	5.6	6.1	3.1
Ríkissjóður v/IBRD og IMF	0	0	- 2.1
Bankavaxtabréf L.Í.	- .2	- 1.9	- .3
Lán til Stofnlánadeildar	- .6	- 9.0	- 4.0
	<u>154.1</u>	<u>187.7</u>	<u>175.5</u>

Við töfluna er einkum tvennt að athuga. Á árinu 1952 voru fluttar 44.1 m. kr. frá ríkissjóði og til sjávarútvegs. Á árinu 1954 jókst skuld ríkisins um 33 m. kr., en um leið myndaðist innistæða að upphæð 41.7 m. kr.

Útlán til landbúnaðar

Það sem fyrst verður fyrir auganu í töflunni hér að ofan, er hin mikla aukning útlána til landbúnaðar á árinu 1954, eða um 53 m. kr. á ellefu mánuðum. Eitthvað mun þessi upphæð hafa lækkað í desember. Þá mun og vera í henni lán út á framleiðslu Ábúrðarverksmiðjunnar. Yfirlit yfir þjóðarframleiðsluna, sem að vísu er mjög ófullkomið, sýnir aukningu á framleiðslu landbúnaðarins (þar með talin dreifing hennar) um aðeins 10 m. kr. á árinu 1954 (úr 410 í 420 m. kr.). Aukning bústofns nam kringum 40 m. kr. hvort árið, 1953 og 1954. Fyrira árið standa bændurnir sjálfir undir bústofnsaukningunni. Hið síðara árið fá þeir lán sem nemur henni allri og jafnvel framleiðsluaukningunni. Það liggur því í augum uppi, að það hefir verið farið of geist í að innleiða hið nýja útlánafyrirkomulag út á landbúnaðarafurðir. Ennfremur mun hér einnig vera skýring á því, hvaðan bændurnir hafa fengið fjármagn til framkvæmda langt umfram það sem áætlað og ráðgert hafði verið. Það eru þessar framkvæmdir, sem nú eru að sprengja lánveitingakerfi Búnaðarbankans, og hefir sett sjóði hans í fjárþröng.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að bankarnir (Landsbankinn) gangi ríkt eftir því að þessi lán endurgreiðist um leið og gengur á birgðir landbúnaðarafurðanna. Að öðrum kosti verða lánin áfram dýrtíðarmyndandi. Þau eru dýrtíðarmyndandi meðan verið er að innleiða lánakerfið, en þau áhrif hverfa við endurgreiðsluna. Það verður því að ganga ríkt eftir endurgreiðslu þeirra jafnóðum og afurðirnar seljast.

Útlán til sjávarútvegs

Útlán til sjávarútvegs hafa aukizt óvenjulega lítið á árinu. Þetta er þeim mun eftirtektarverðara sem aflí og útflutningur hefir aukizt mikið á árinu, eins og áður hefir verið gert grein fyrir. Svárið liggur sennilega að nokkru í minnkun birgða útflutningsafurða. Virðast birgðirnar hafa minnkað um kringum 30 m. kr., (en af annarri útflutningsvöru aukizt um 10 m. kr.).

Útlán til verzlunar

Útlán til verzlunar aukast jafnt og þétt. Hér er bæði hægt og nauðsynlegt að stinga við fæti. Tel ég nauðsynlegt að draga úr heildar útlánum til verzlunar frá því sem nú er.

Þegar rýmkað var um innflutninginn var verzlunarstéttin vöruð við því að leggja fyrir óhóflegar birgðir innfluttrar vöru. Ýmislegt bendir til þess að þessi aðvörun hafi ekki alltaf verið tekin alvarlega. En bankarnir gætu gengið úr skugga um slíkt með því að rannsaka veltu og vörubirgðir nokkurra helztu viðskiptamanna sinna. Þetta er sérstaklega þýðingarmikið þar sem söfnun birgða vöru, sem ekki selst er í rauninni spákaupmennska, líklega í sambandi við vonir um ný innflutningshöft eða gengislækkun, eða hvorttveggja.

Til þess enn fremur að hafa hemil á innflutningnum, meðan eðlilegt ástand væri að skapast, var lagt fyrir bankana að láta innflytjendur greiða inn fé til bankanna vegna pantana sinna. Auðvitað var tilgangurinn sá um leið að reyna að taka fé úr umferð með þessu. Bankarnir framkvæmdu þessa ráðstöfun á þann hátt að nota fé þetta sjálfir sem aukið rekstrarfé. Þessar innborganir þarf allar að leggja á sérstaka reikninga í seðlabankanum, og er ekki of seint að kippa þessu í lag. Að öðrum kosti

eru þessar greiðslur ekki annað en sérstakur kostnaðarauki innflytjendanna, án þess að hafa nokkur áhrif á peningakerfið.

Verzluninni er lánað óþarflega mikið. Um birgðamyndun hefir áður verið rætt. En svo er að sjá að verzlunin veiti fjármagni sínu í framkvæmdir, sem gerist t.d. á þann hátt að byggingarvöruverzlanir láni aðilum, sem standa í framkvæmdunum. En bankarnir geta gengið úr skugga um þetta með því að athuga birgðir helztu byggingarvöruverzlananna og bera þær saman við útlánin til þessara sömu verzlana.

Útlán seðlabankans

Aukin útlán útaf fyrir sig gefa fátt til kynna. Talsvert af aukningunni stafar af auknu sparifé, sem bankarnir hafa fengið. Þeir lána þetta jafnóðum út. Það væri mjög til bóta að þeim væri gert að skyldu að halda einhverju broti eftir sem reiðufé. Sá banki, sem skiptir mestu máli hér, Útvegsbankinn, notar stöðugt Landsbankann sem kassa, og á yfirleitt aldrei neitt reiðufé svo teljandi sé. Þannig lánar bankinn einnig út fé það sem Fiskveiðasjóður liggur með. Í rauninni þyrfti að setja ákvæði inn í nýja frumvarpið um Fiskveiðasjóð, þess efnis, að fé hans (t.d. umfram 2 m. kr.) skuli geymast í seðlabankanum.

Seðlabankinn

Það sem skiptir samt mestu máli í ~~þessu~~ sambandi við útlán bankanna, eru útlán seðlabankans. Þaðan koma hinir nýju peningar fyr eða síðar.

Sé miðað við árslok 1953, og nóvember 1954, þá hafa erlendar eignir aukizt um 46 m. kr. en skuldirnar um 38 m. kr. Nettóskuld ríkissjóðs og ríkisstofnana hefir aukizt um 11 m. kr. Endurkeyptir víxlar hafa

lækkað um 12 m. kr. Hinsvegar hafa birgðir útflutningsvöru minnkað um kringum 20 m. kr. Aðstaða sparisjóðsdeildarinnar gagnvart seðlabankanum hefir versnað um 13 m. kr. Hinsvegar hefir skuld stofnlánadeildarinnar lækkað um 8 m. kr.

Af þessum tölum er ekki hægt að sjá að neina almenna uppsprettu dýrtíðar sé að finna í seðlabankanum á árinu 1954. Þetta verður þó glegggra þegar ársloka tölurnar koma. Hitt er svo annað mál, að í góðæri eins og 1954, þyrfti seðlabankinn að fá endurgreitt af útlánunum sínum, t.d. frá ríkissjóði, sveitarfélögum og öðrum bönkum, svo nokkrir opinberir aðilar séu nefndir, þannig að gjaldeyrisaðstaðan batnaði.

Útvegsbankinn

Frá peningapólitísku sjónarmiði er Útvegsbankinn veikasti hlekkurinn í bankakerfinu. Um síðastliðin áramót átti hann 8 m. kr. í sjóði og 7 m. kr. í erlendum gjaldeyri. Útlán hans jukust til nóvemberloka um 42 m. kr. á árinu. Til þess fekk hann sparifé, 33 m. kr. og fé hjá "ýmsum skuldunautum" 10 m. kr.

Helzti "skuldunautur" bankans mun vera Fiskveiðisjóður Íslands, sem átti inni um 17 m. kr. hjá bankanum (sem er bæði á hlaupareikningi og sparisjóðsreikningi). Þetta fé er augljóslega í almennum útlánunum. Þá skuldar bankinn Landsbankanum 26 m. kr. (fyrir utan endurselda víxla, 67 m. kr.).

Þetta er sjáanlega ekki viðunandi ástand til lengdar. Bankinn þarf að greiða (yfirdráttar) skuld sína við Landsbankann, enda stendur hann samilega að vígi með að gera það meðan sparifjárinnistæður aukast hjá honum.

Jafnvægið

Væru nákvæmar upplýsingar til um það sem gerist í atvinnulífinu á hverju ári, mætti gera yfirlit yfir þær stærðir (reiknaðar í peningum), sem gefa til kynna misvægið milli hinnar almennu eftirspurnar og framboðs í hagkerfinu. Því miður eru þær upplýsingar ekki til. Talsvert er samt til af tölulegum upplýsingum um þessar stærðir, en flestar eru þær fremur grófar, og stundum nokkuð lausar áætlanir.

Árið 1953.

Hér á eftir er tafla fyrir árið 1953, þar sem reynt er að setja tölurnar í ramma. Hvernig slík tafla lítur út fer að sjálfsögðu talsvert eftir því hvernig maður hugsar sér að "bókunum" sé lokað.

Peningalegt jafnvægi 1953

	Lausleg áætlun		
	<u>m.kr.</u>		<u>m.kr.</u>
Ný fjárfesting	623.0	Frankvæmdabankinn og Mótvirðissjóður	137.3
Viðhald og endurnýjun	225.0	Fjárfestingarsjóðir	62.7
Aukning gjaldeyrisforðans	42.7	Tryggingarfélag og sjóðir	50.9
		Sparisjóðir	30.6
		Afgangur hjá peningastofnunum	45.7
		Sparifjáraukning banka	146.5
		Lánveitingar ríkissjóðs	17.5
		Fjárfesting á fjárlögum	84.3
		Greiðsluafgangur ríkissjóðs	19.0
		Bústofn bænda (sparnaður þeirra)	43.0
		Einstaklingar, af tekjum (ættl.lausl.)	50.0
		Erlend lán, nettó	44.0
		Viðhald og endurnýjun (af rekstri og endurgreiðsla)	225.0
		Taprekstur, tvítalning og skekkjur	- 65.8
Alls	<u>890.7</u>	Alls	<u>890.7</u>

Af tölunum sést að langstærsti liðurinn framboðsmegin er spari-
fjársofnun banka og sparisjóða, og má telja þar með tekjur bankanna af
hinum miklu sjóðum sem þeir eiga sjálfir. Efnahagsaðstoð Bandaríkjanna
nemur mikilli upphæð á árinu, þótt henni ljúki í rauninni á apríl þetta
ár. Vörur greiddar með framlögum áranna á undan voru að koma til lands-
ins á árinu. Tölnar fyrir ríkissjóð eru ákaflega lauslegar, þótt með
nákvæmri rannsókn á ríkisreikningum mætti fá þær allnákvæmar.

Ríkissjóður

1952. Á árinu 1951 var greitt, af tekjuafgangi þess árs, til
sjóða Búnaðarbankans 15 m. kr., en 23 m. kr. af tekjuafganginum var greitt
út á árinu 1952. Bætt aðstaða á sjóðsreikningi var 5 m. kr. Á árinu var
þessvegna raunverulegur greiðsluhalli um 18 m. kr.

1953. Um áramótin var yfirdrátturinn hjá Landsbankanum 19 m. kr.
lægri en í ársbyrjun. Er að sjá að þetta hafi verið hinn raunverulegi
greiðsluafgangur á árinu. (Ríkisreikningarnir, sem taka með allskonar
greiðslur fram á árið 1954, sýna halla sem nemur tæpum 16 m. kr. en hann
stafar að nokkru af endurgreiðslu skulda.)

1954. Innistæða og yfirdráttur í Landsbankanum um áramót sýna
afgang samtals um 25 m. kr. Þetta virðist vera hinn raunverulegi afgangur
á árinu. En bókhaldslegur afgangur fram til ársloka ætti að vera meiri,
eða $25 + 16 = 41$ m. kr.

Árið 1954.

Fátt eitt af tölum fyrir árið 1954 liggja enn fyrir. Hér á eftir
er samt reynt að gera grein fyrir helztu liðunum, en í mörgum tilfellum
er um hreinar ágizkanir að ræða.

Peningalegt jafnvægi 1954

		Lausleg áætlun	
	m.kr.		m.kr.
Ný fjárfesting	574	Mótvirðissjóður (í Lb.)	7
Viðhald og endurnýjun	240	Fjárfestingarsjóðir	70 1)
Aukning gjaldeyris- forðans	30	Tryggingarfélag og sjóðir	60 1)
		Sparisjóðir	32 2)
		Sparifjáraukning banka	117 4)
		Afgangur hjá peningastofnunum	50 2)
		Lánveitingar ríkissjóðs	10 2)
		Fjárfesting á fjárlögum	96 3)
		Greiðsluafgangur ríkissjóðs	25
		Einstaklingar, af tekjum (áætl. lausl.)	100 1)
		Erlend lán, nettó	20 4)
		Viðhald og endurnýjun (af rekstri og endurgreiðslum)	240 1)
		Minnkun birgða útflutningsafurða	20
		Taprekstur, tvítalning og skekkjur (nettó)	11 1)
Alls	844	Alls	844

- 1) Ágizkun
- 2) Áætlun
- 3) Fjárlög 1954
- 4) Jan.-nóv. 1954

Á árinu notuðu Ameríkumenn svo til allan 5-10% sjóðinn, eða 15 m.kr., en lítið kom í Mótvirðissjóð á árinu. Útlán Framkvæmdabankans eru talin undir "Fjárfestingarsjóðir" og "Afgangur hjá peningastofnunum". Talsvert vantar á að allt fjármagnið komi fram í töflunni (sjá seinasta liðinn). En taflan ætti að geta orðið nákvæmari en þetta, þegar áramóta tölurnar verða tiltækar.

8. Lokaorð

1. Eins og minnst hefir verið á hér að framan, verður gengi krónunnar ekki rætt sérstaklega í þessu yfirliti. Um leið er sleppt að ræða sérstaklega rekstraraðstæður bátaútvegsins og togaranna. Þetta yfirlit fjallar því í rauninni um ramma þessara vandamála. Athugun á hinu almennu ástandi hlýtur að vera undanfari allra meiriháttar ráðstafana í sambandi við þessi miklu vandamál. Reynt hefir verið að draga sem skýrast fram þá drætti ástandsins, sem gera það frábrugðið því sem var árin 1949 -1950.

2. Þá er það einnig veigamikið atriði, að ýmislegt má læra af reynslu þeirri, sem fólst í gengislökkuninni 1950 og þróuninni síðan. En lítið sem ekkert er minnst á þau mál í þessu yfirliti.

3. Þótt hin erfiðari vandamálin séu ekki rædd, þá má þó draga ýmsar ályktanir um ráðstafanir, sem myndu gera þau auðleystari eða fyrirbyggja að þau verði erfiðari viðfangs en nú, á grundvelli þess sem sýnt er fram á í þessu yfirliti. Nokkur slík atriði hefir verið minnst á jafnóðum.

4. Vinnumarkaðurinn. Þótt nægilegt framboð sé af vöru, þá er skortur á þjónustu, einkum sérhæfðs verkafólks. Hin mikla eftirspurn veldur því, að þrýstingur myndast á kaupgjaldið. Hækkun kaupgjalds breytir ekki því, að skortur er á vinnuafli eftir sem áður, þrýstingurinn því svipaður eftir sem áður, nema herra kaupgjald neyði suma atvinnurekendur til að hætta rekstri eða hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir. Er hægt að draga úr misvæginu milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaðinum, þannig að ekki sé reynt of mikið á polinmæði launþegasamtakanna, eða til þess að bíða ekki eftir því að samdrátturinn verði fyrir hækkun kaupgjaldsins? Það sem helst kemur til mála að gera er rætt hér á eftir.

a) Ríkisstjórnin styður beint eða óbeint öflun nýrra atvinnutækja, t.d. kaup á skipum, byggingu verksmiðja, o.s.frv. Með því að halda að sér hendinni sem mest um öflun atvinnutækja, er krefjast tiltölulega mikiðs vinnuafli, a.m.k. meðan núverandi skortur á vinnuafli helst, getur ríkisstjórnin haft þau áhrif að eftirspurnin eftir vinnuafli aukist ^{ekki} frá því sem nú er.

b) Þá getur ríkisstjórnin beitt áhrifum sínum til þess að fá erlent verkafólk, sem síðan er hægt að láta fara úr landi, þegar dregur úr hinni miklu eftirspurn eftir vinnuafli. Í rauninni er þetta sjálfsagður hlutur, eins þótt fólkið yrði um kyrrt, þar sem þjóðin er í alla staði of fámenn.

c) Það fjármagn, sem tækt er til framkvæmda, og ríkisstjórnin treystir sér ekki til að láta liggja ónotað né nota til skuldagreiðslu (sem myndi auka gjaldeyrisforðann), þarf það fé að fara til framkvæmda, sem bæta aðstöðu fyrirtækja, sem eru í rekstri, en þurfa ekki nýtt verkafólk. Fjárfesting af þessu tagi myndi vera hafnarbætur og mannvirki sem bæta aðstöðu sjávarútvegsins í landi. Með tilliti til þess hvernig hagar til með rekstur togaranna virðist eðlilegast að þeir sætu fyrir fjármagni til slíkra framkvæmda. Öflun nýrra fiskiskipa er mjög óheppilegar framkvæmdir eins og stendur.

5. Fjárhagur ríkisins. Margt af því sem gera þyrfti er ekki á valdi stjórnarvaldanna, en fjármál ríkisins eru stór þáttur í þjóðarbúskapnum. Í góðærum sem þessum, ætti þjóðin að eignast nokkurn gjaldeyrisforða. Við frjálstan búskap (og óbreyttar vörubirgðir) myndast hann aðeins ef sparnaður landsmanna, þar með talinn raunverulegur greiðsluafgangur hjá ríkinu, nemur meira en fjárfesting og taprekstur. Með ríflegum raunverulegum greiðsluafgangi hjá ríkinu geta því yfirvöldin ráðið miklu um

það, hvort verðhjöldun myndist. Undanfarin ár hefir þjóðarbúskapurinn í heild haldizt rétt um jafnvægi, en ekki meir. Það er því augljóst, að ekki þarf mikið að bera útaf, til þess að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að halda honum í jafnvægi. Er þá undir hælinn lagt hverskonar árferði muni þá ríkja. Það virðist því að betra væri að gera þær ráðstafanir meðan gott er í ári, og ráðstafanirnar komatiltölulega létt niður. Fjármál ríkisins eru mikilvægt atriði. Endurgreiðsla skulda ætti að vera eit t af því viðráðanlegasta. Afgreiðsla seinustu fjárlaganna virðist hafa gengið í öfuga átt. Bættur fjárhagur ríkisins hefir verið stærsti þátturinn í bættu ástandi, en um raunverulegan greiðsluafgang hefir naumast verið að ræða, nema seinustu 2 árin. Greiðslurnar hafa ekki verið teknar inn á hin reglulegu fjárlög, en hafa átt sér stað engu að síður, og það er það sem skiptir máli fyrir jafnvægi þjóðarbúskaparins. Meðferð fjármálanna hefir fyrst og fremst einkennst af varúð, þannig að fé hefir ~~því~~ aðeins verið varið til ýmsra hluta, eftir að það hefir komið inn sem tekjur hjá ríkissjóði.

Þær framkvæmdir, sem ríkið hefir til athugunar, en sem þola bið, þarf að láta bíða. Hinsvegar mætti leggja fé á fjárlögum til þeirra, sem síðan yrði lagt fyrir. Þetta myndi verka á sama hátt og greiðsluafgangur.

6. Bankamál. Meðferð peningamálanna er enn öll mjög laus í reipunum. Engum ráðstöfunum verður komið við, nema með samningum við hvern banka fyrir sig. Landsbankinn ber ábyrgð aðeins á eigin rekstri, enda hefir hann ekkert vald yfir öðrum peningastofnunum. Það vantar sérstaka yfirstjórn yfir peningamálin, sem styðjist við almenna bankalöggjöf í framkvæmdum sínum.

Á Útvegsbankann hefir einnig verið minnst sérstaklega, og hefi ég í því sambandi einnig endurtekið, að frá peningapólítísku sjónarmiði er rekstur bankans óviðunandi. Þá hefir einnig verið minnst á Fiskveiðisjóð í því sambandi.

7. Verzlunin. Sérstakar ráðstafanir gagnvart verzluninni hafa verið ræddar í kaflanum um verzlunina: bankarnir leggi innborgunarpeninga innflytjenda á reikning í seðlabankanum í stað þess að nota þá sem rekstrarfé, rannsakaðar verði birgðir hjá stærstu verzlunum, einkum í vefnaðarvöru og byggingarvöru. Þetta gildir að sjálfsögðu jafnt um kaupfélögin og Sambandið og einkaverzlanirnar. Sérstaklega þarf að athuga hvort útlán Landsbankans út á Landbúnaðarafurðir hafi leitt til aukinna verzlunarlána kaupfélaganna til framkvæmda bænda. Bankarnir þurfa að beita sér fyrir minnkun verzlunarbirgða með því að kalla eftir greiðslu lána, og í sambandi við nýjar lánsúmsóknir. Virðist liggja beinast við, að viðskiptamálaráðherra tæki þessi mál upp við alla bankana.

B. G.